

Umsögn um Þskj. 118 — 112. mál.: Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.
(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)
Daði Ingólfsson - 2. nóvember 2009

Það er von undirritaðs að tilgangur laga þessara hafi verið að auka auka möguleika almennings á þátttöku í ákvarðanatöku, eða "að veita hinum almenna borgara kost á að taka milliliðalaust þátt í ákvörðunartöku um lagasetningu eða eftir atvikum um tiltekin málefni í stað þess að ákvörðun sé tekin af þjóðkjörnum fulltrúum eins og almennt á við þar sem fulltrúalýðræði ríkir" eins og segir í 2. kafla athugasemda. Lögin eins og þau liggja fyrir núna ganga fjarri því nógu langt í þá átt, enda bæta þau fáu við núverandi lög nema tæknilegum útfærslum. Það er til dæmis vandséð hvernig leitað hafi verið fanga í skýrslunni "Direct Democracy: The international IDEA Handbook" í frumvarpi þessu eins og sérstaklega er talað um í inngangi athugasemda við frumvarpið.

Það er áriðandi að taka þetta fyrsta skref í átt að beinna lýðræði á Íslandi, en betur færi að eftirfarandi væri bætt í frumvarpinu:

Fella út "og er niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu ráðgefandi" í fyrstu málsgrein fyrstu greinar. Setningin er með öllu óþörf og til trafala væri stjórnarskrá breytt í þá átt að atkvæðagreiðslur af þessu tagi ættu einmitt að vera bindandi.

Minnihluti þingmanna þarf að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu sbr. 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar. Hægt væri að gera undanþágu í tilfellum fjárlaga. Væri það til að auka aðhald á starfandi ríkisstjórn og hvetja til víðtæks samstarfs við aðra flokka. Óttist löggjafinn að þetta verði til tíðra þjóðaratkvæðagreiðslna er vísað í reynslu Dana af ákvæðinu - því hefur einungis einu sinni verið beitt.

Almenningur þarf að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu með sama hætti og Alþingi. Vísað er til 1. gr. þskj 5 - 5. mál sama þings nema undirritaður mælist til að 7% kosningabærra manna í stað 10% þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu.

Einnig þarf að taka sérstaklega afstöðu til útfærslu þjóðaratkvæðagreiðslna eins og þau birtast í þingskjali 5. - 5. mál um sama efni.

Daði Ingólfsson
Framkvæmdastjóri

